



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

# FARSÓTTAFRÉTTIR

4. árg. 1. tölublað. Janúar 2008.

## EFNI:

Leiðbeiningar um notkun veirulyfja í heimsfaraldri influensu

bls.

1

Enginn dó af völdum meningókokka-sýkingar árið 2007

bls.

2

Klamydía og lekandi árið 2007

bls.

2

## Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.

Ása St. Atladóttir  
Guðrún Sigmundsdóttir  
Sigurlaug Hauksdóttir  
Þórólfur Guðnason

## Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

## LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

### SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5  
170 Seltjarnarnes  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is  
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

## LEIÐBEININGAR UM NOTKUN VEIRULYFJA Í HEIMSFARALDRI INFLÚENSU

### Hjá veikum einstaklingum

Stefna ber að því að meðferð hefjist á fyrsta sólarhring veikinda en ólíklegt er að hún skili árangri ef hún hefst meir en 48 klukkustundum eftir að veikindi hófust. Meðferðartími verður í flestum tilfellum að minnsta kosti fimm dagar. Mælt er með notkun oseltamívirs (Tamiflu®) hjá sjúklingum sem grunur leikur á að séu með sýkingar í öðrum líffærakerfum en öndunarvegi. Zanamívir (Relenza®) verkar staðbundið á yfirborði öndunarvegjar og dreifist því lítið um líkamann.

### Fyrirbyggjandi notkun

Gert er ráð fyrir að meðgöngutími sýkingarinnar sé tveir til þrjú dagar og að sýktur einstaklingur sé smitandi frá einum sólarhring áður en einkenni koma í ljós í allt að sjö til tíu daga. Þar sem meðferð sjúklunga með oseltamíviri eða zanamíviri dregur verulega úr líkum á smiti (sérstaklega oseltamíviri) er sennilegt að ekki sé alltaf þörf á fyrirbyggjandi meðferð hjá einstaklingum sem komast í nána snertingu (innan við einn metra) við sjúklunga sem eru á fullri veirulyfjameðferð. Lyfjameðferð heilbrigðra sem munu komast eða hafa komist í mikla nálægð við sýkta einstaklinga verður að byggjast á mati þeirra lækna sem ávísa lyfjunum.

Læknar geta því mælt með eftirfarandi fyrirbyggjandi notkun:

a. **Engin fyrirbyggjandi meðferð er gefin en full meðferð hafin strax (innan 48 klst. og helst innan 24 klst.) eftir að merki um sýkingu koma fram.** Þetta tryggir bestu nýtingu veirulyfjanna.

b. **Fyrirbyggjandi meðferð er hafin eins fljótt og auðið er eftir að einstaklingur hefur komist í mikla nálægð við sjúkling (innan við eins metra fjarlægð) og gefin í 10 daga.**

Ef heilbrigður einstaklingur í fyrirbyggjandi meðferð veikist skal hann fá fulla meðferð. Ef sá sem verið hefur á fyrirbyggjandi meðferð kemst aftur í nána snertingu við sjúkling með influensu skal hefja fulla meðferð ef einkenni um sýkingu koma fram. Notkun á þennan hátt tryggir næstbestu nýtingu veirulyfjanna.

c. **Fyrirbyggjandi meðferð verður gefin heilbrigðum einstaklingi áður en hann kemst í mikla nálægð við þá sem eru sýktir.**

Meðferð skal gefin í að minnsta kosti 10 daga eftir síðasta samneyti við sjúkling og að hámarki í sex vikur. Útbreidd notkun lyfjanna á þennan hátt er hins vegar óhagkvæm og þau munu nýtast fáum.

Skipta má þeim sem þurfa fyrirbyggjandi lyfjameðferð í þrjá hópa:

### 1. Fjölskyldumeðlimir veikra

Leitast verður við að meðhöndla sýkt fólk heima svo lengi sem ástand þeirra leyfir. Heimilið ásamt fjölskyldumeðlimum verður einangrað í 10 daga, hinn veiki fær veirulyfjameðferð eins fljótt og auðið er en fyrirbyggjandi meðferð einkennalausra fjölskyldumeðlima ákveðin samkvæmt liðum a eða b hér að ofan.

### 2. Heilbrigðisstarfsfólk

Dregið verður úr smithættu á heilbrigðisstofnunum með því að gera heilbrigðisstarfsfólki, sem vinnur með sýkta einstaklinga, skylt að nota sérstakan hlífðarbúnað og fylgja ýmsum öðrum sóttvarnaráðstöfunum. Auk þess verða sjúklingar með influensu settir á veirulyfjameðferð sem dregur verulega úr líkum á smiti. Hætta á

(Framhald bls. 2)

Á árinu 2007 greindust fjórir einstaklingar með staðfesta sýkingu af völdum meningókokka á Íslandi.

Lekandatilfellum hefur farið hratt fjölgandi síðastliðin ár, en svo virðist sem eitthvað hafi dregið úr þeirri fjölgun á síðasta ári.

sýkingu hjá heilbrigðisstarfólki minnkar því verulega og því hægt að bjóða meðferð samkvæmt liðum a, b eða c.

### 3. Löggæslulið og björgunarsveitir

Leitast verður við að hafa eins fáa í vinnu við að flytja og annast sjúka eins og kostur er. Rík áhersla verður lögð á notkun hlífðarbúnaðar, að leiðbeiningum um sóttvarnir verði fylgt og veirulyf verði boðin samkvæmt liðum a eða b.

### 4. Aðrir

Ekki er ástæða til að setja þá sem ekki hafa verið í mikilli nálægð við sýkta einstaklinga í fyrirbyggjandi meðferð. Almennungur verður hvattur til fylgja leiðbeiningum sem miða að því að draga úr smithættu.

Hafa skal í huga að lögum samkvæmt hafa einungis læknar heimild til að ávísa influensulyfjum.

Sjá nánar um þetta efni: [Læknablaðið. 2008/94](#)

## ENGINN DÓ AF VÖLDUM MENINGÓKOKKASJÚKDÓMS ÁRIÐ 2007

Á árinu 2007 greindust fjórir einstaklingar með staðfesta sýkingu af völdum meningókokka á Íslandi, sem er sami fjöldi og greindist árið 2006.

Þessir fjórir einstaklingar voru:

- Eitt þriggja ára gamalt barn með meningókokka C sem ekki hafði verið bólusett gegn sjúkdómnum.
- Þrír með meningókokka B, en þar af voru tveir á aldrinum þriggja og fjögurra ára og einn 17 ára.

Enginn einstaklingur dó af völdum meningókokka á árinu 2007.

Eftir að bólusetning gegn meningókokkum C hófst á árinu 2002 hefur enginn bólusettur einstaklingur greinst með sýkingu af þeirra völdum. Enga breytingu er að sjá hér á landi á sýkingu af völdum annarra hjúppgerða meningókokka eftir að bólusetningin hófst.

Árangur bólusetningar gegn meningókokkum C hér á landi er frábær eins og í öðrum löndum.

## KLAMYDÍU- OG LEKANDATILFELLI Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2007

Samtals greindust 1863 einstaklingar með klamydíu á árinu 2007 og er það aukning miðað við árið á undan. Flestar greiningarnar eru gerðar á sýkladeild Landspítala, en

greining klamydíu fer einnig fram á sýkladeild Sjúkrahúss Akureyrar. Alls greindust 1108 konur með klamydíu og 692 karlar en í 63 tilvikum var kyn óþekkt. Meðalaldur kvenna við greiningu var um 22 ár en karlar voru að jafnaði eldri, eða um 25 ára.

Samkvæmt upplýsingum frá sýklafræðideild Landspítala greindist 21 einstaklingur með lekanda á árinu 2007, þar af voru 15 karlar og 5 konur en upplýsingar um kyn vantaði í einu tilfelli. Meðalaldur karla við greiningu var rúmlega 28 ár en kvenna 27 ár. Lekandatilfellum hefur farið hratt fjölgandi síðastliðin ár, en svo virðist sem eitthvað hafi dregið úr þeirri fjölgun á síðasta ári.

